

422. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 14. janúar 2021
og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Hafdís Gunnarsdóttir formaður, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi og Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Áheyrnafulltrúar fyrir grunnskólamála: Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi kennara og Guðný Harpa Henrysdóttir, fulltrúi kennara.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar 2020-2021 - 2020090032

Verkefnalisti fræðslunefndar lagður fram til kynningar.

Gerð var grein fyrir hver staðan væri á þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

2. Áskorun til sveitarfélaga um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum. - 2021010026

Lagt fram bréf dagsett 29. des. 2020 frá Björk Gunnarsdóttur og Vigdís Fríðu Þorvaldsdóttur, f.h. Samtaka grænkerana á Íslandi. Bréfið er áskorun til sveitarfélaga um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum.

Fræðslunefnd þakkar Samtökum grænkerana fyrir bréfið og hvetur leik- og grunnskóla Ísafjarðarbæjar til að koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda.

3. Ráðning sviðsstjóra Skóla- og tómstundasviðs 2020 - 2020120066

Á 1135. fundi bæjarráðs, þann 21. desember 2020, vísaði bæjarráð tillögu um sameiningu velferðarsviðs og skóla- og tómstundasviðs, til umsagnar í velferðarnefnd og fræðslunefnd, þar sem óskað er eftir að nefndirnar taki afstöðu til þess hvort sameina ætti sviðin, bæði út frá staðsetingu skrifstofa og verkefnum.

Það er mat fræðslunefndar að ekki sé tímabært að sameina velferðarsvið og skóla- og tómstundasvið þar sem þetta eru stórir og viðkvæmir málaflokkar. En fræðslunefnd telur mikið tækifæri í að auka samvinnu milli sviðanna og kannaður verður möguleiki á að samnýta starfsmenn sviðanna.

4. Verkefni HLH - 2020080061

Kynnt staðan á verkefnum skóla- og tómstundasviðs tengd skýrslu Haraldar Lindals Haraldssonar.

Lagt fram til kynningar. Samningur lagður fram fullmótaður á næsta fundi fræðslunefndar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:05

Hafdís Gunnarsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Jónas Þór Birgisson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Guðrún Birgisdóttir

Stefanía Helga Ásmundsdóttir